3
14. febr.

# LÖG

## um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1949 skal koma saman ellefta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

4
14. febr.

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa innflutning skips, sem í verða sett síldarbræðslutæki, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*